

# Fjármálaráðstefna 2011

13. og 14. október

Setningarræða Halldórs Halldórssonar  
formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga

---

Forsætisráðherra, ágæta sveitarstjórnarfólk, starfsfólk sveitarfélaga, fulltrúar ráðuneyta og aðrir ráðstefnugestir.

## Inngangur

Verið velkomin á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Hingað erum við komin til að fara yfir stöðuna, fræðast af fyrirlestrum og umræðu, ræða við hvort annað og fá upplýsingar. Það er þekktur frasi en um leið sannleikur að eitt hið mikilvægasta við svona ráðstefnur er að hitta aðra sem eru að fást við sambærilega hluti og bera saman bækur sínar. Störfin sem við sjálf sóttumst eftir að vinna í þágu okkar íbúa hafa á stundum verið auðveldari en í dag. Engu að síður er mikilvægt að hafa í huga að erfiðleikar eru til þess að takast á við og leysa málin með það langtímasjónarmið að smám saman birti til og málin leysist. Á þeirri vegferð erum við með sveitarfélögin og margt sem hér mun koma fram á ráðstefnunni styður þau orð. Kosturinn við að hittast er jafnframt sá að við skynjum enn betur að við erum ekki ein að fást við afmörkuð vandamál í okkar eigin sveitarfélagi heldur er þetta sameiginlegt viðfangsefni og gott að geta miðlað upplýsingum og árangurssögum.

Við fáum góða gesti til okkar. Forsætis- og fjármálaráðherra ávarpa okkur og taka vonandi þátt í samtali okkar og svara fyrirspurnum. Í heildina höfum við lýst yfir ánægju með samstarf sambandsins og ríkisvaldsins þó ákveðin mál standi þar út af borðinu óleyst. Við vitum svo sem hvar valdið liggur, það er hjá ríkisstjórn og Alþingi, við höfum fundið fyrir því í ákveðnum málum en okkur líkar betur þegar hægt er að semja um málin og ná sameiginlegri niðurstöðu. Sem betur fer er samningaleiðin mun oftar ofan á en að ákveðnir ráðherrar eða ríkisstjórn taki ákvarðanir þvert á stefnu og samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekki ætti að þurfa að ítreka það en sú stefna og þær samþykktir eru mótaðar og samþykktar af fulltrúum allra sveitarfélaga á landinu á landsþingum sambandsins. Þess vegna er mikill lýðræðishalli á slíkum ákvörðunum ríkisvaldsins að mínu mati en þar liggur hins vegar valdið. Slíkar ákvarðanir kalla líka á átök milli þessarar tveggja stjórnsýslustiga sem er nokkuð sem við viljum draga úr og ég tel að það hafi nokkuð áunnist í því á

undanförnum árum. Það er hollt að minnast þess að við bætum ekki samfélag okkar með átökum heldur með lausnum sem draga úr átökum.

Ég hef lesið grein fjármálaráðherra og heyrð hann halda því fram á landshlutafundum að ríkisstjórnin hafi ein og tiltölulega óstudd tekið á sig alla erfiðleikana við uppbyggingu eftir hrunið. Ekki skal úr því dregið að þar á bæ hefur þurft að taka erfiðar ákvarðanir. En ekki skal heldur dregið úr því að á sveitarstjórnarstiginu hafa kjörnir fulltrúar sem eru miklu nær sínum umbjóðendum á hverjum degi en fulltrúar á Alþingi, þurft að taka verulega sárar og erfiðar ákvarðanir og munu þurfa að gera það áfram. Af þessum sökum finnst mér ekki boðlegt að bera svona málflutning á borð fyrir okkur eins og fjármálaráðherra gerir. Það er ekki hægt að standa fyrir framan kjörna fulltrúa á sveitarstjórnarstiginu og halda því fram að þeir séu einungis þiggjendur góðra hluta sem til koma vegna erfiðra ákvarðana í ríkisstjórn. Þannig er það ekki því ekki einungis höfum við á sveitarstjórnarstiginu þurft að taka gríðarlega erfiðar ákvarðanir heldur höfum við líka þurft að takast á við ríkisvaldið um ákveðin mál þó eins og fyrr segir séu samskiptin að mestu leyti í góðum farvegi. Svo er það bara þannig að kjörnir fulltrúar eru kosnir til að taka erfiðar ákvarðanir.

### **Fjárhagsstaða - atvinnumál**

Eins og fram kemur í nýútkominni Árbók sveitarfélaga er fjárhagsstaða sveitarfélaga æði misjöfn. Sum sveitarfélög hafa komist í gegnum erfiðleikana án mikils niðurskurðar í rekstri og þjónustu á sama tíma og önnur hafa orðið fyrir miklum fjárhagslegum áföllum, sérstaklega þau sveitarfélög sem voru í mikil þenslu á árunum fyrir hrun og skulduðu mikið í erlendum gjaldmiðlum. Erlendar skuldir hækkuðu gríðarlega í kjölfar gengishruns krónunnar. Ekki eru miklar líkur á að krónan styrkist neinu sem nemur á næstu árum þannig að fyrirsjáanlegt er, eða mjög líklegt, að þessar skuldir séu komnar til að vera. Einstök sveitarfélög hafa síðan verið í þeirri stöðu að hafa þurft að skuldbreyta þeim í innlend lán með háum vöxtum sem neglir þessa skuldastöðu endanlega niður. Ýmis fyrirtæki og einstaklingar hafa fengið ákveðna lagfæringu mála sinna vegna erlendra lána en það hefur ekki átt við um sveitarfélögin.

Við erum að sjá hærri skuldir 2010 en 2009 vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki náð almennilega vopnum sínum til að greiða niður skuldir en fyrst og fremst vegna þess að skuldbindingar sem áður voru utan efnahags eru nú komnar inn í efnahagsreikninga sveitarfélaga. Þarna höfum við tekið á

mikilvægu máli sem t.d. ríkissjóður gæti lært af okkur en þar eru svona skuldbindingar ekki sýnilegar.

Við erum eflaust sammála um að við erum að glíma við erfiðleika og verkefnið hafa tekið á hjá ríki og sveitarfélögum eins og öllum öðrum.

Hins vegar þurfum við ekki að vera í svona miklum erfiðleikum því víða eru ónýtt tækifæri og ónýttir kraftar. Ég ætla að nefna eitt dæmi. Framkvæmdaleyfi og bið eftir niðurstöðu í sjávarútvegsmálum nánast daglegar fréttir. Það er ótrúlegt að upplifa það að undirstöðuáttvinnuvegur sem hefur góðar tekjur og mikla fjárfestingagetu sé búinn að vera í frosti í þrjú ár vegna þess að ekki er búið að ákveða framtíðarkerfi í fiskveiðistjórnun. Þetta bitnar á öllu þjóðfélaginu og allra fyrst á viðkvæmum samfélögum vítt og breitt um landið sem eiga nánast allt sitt undir sjávarútveginum. Þeir sem tjá sig af hálfu stjórnarflokkanna um atvinnugreinina tala oft eins og allt eigi að færast aftur til árána fyrir kvótakerfi en þá gleymist að ofveiði á Íslandsmiðum var þvítík og sóunin á aflaverðmætum slík að enginn ætti að láta sér detta í hug að líta til þess tíma. Í úttektum á íslenskum sjávarútvegi kemur í ljós að hagkvæmni hans er sú mesta sem þekkist. Auðlindaarður er sá hæsti í heimi, framlegðin með því hæsta sem þekkist og þannig má áfram telja. Skilaboð mín, enn eina ferðina til stjórnvalda eru þessi: Ekki láta þessa mikilvægu atvinnugrein bíða eftir niðurstöðu í sjávarútvegsmálum, klárið það verk sem þið hófuð fyrir þremur árum. Það skaðar okkur öll að bíða svona lengi eftir niðurstöðu.

### **Helstu stefnumál sambandsins**

Eftir ítarlega umfjöllun og þróun á tveimur landsþingum hefur verið samþykkt stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2011 til 2014. Þar kemur m.a. fram í kaflanum um tekjur sveitarfélaga að mikilvægt sé að breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga. Þetta stefnumið kemur einnig fram í stefnuýfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar. Markmiðið er því sameiginlegt.

Af okkar hálfu er lagt til að sveitarfélögin fái aukna hlutdeild í gjöldum af umferð í þéttbýli, umhverfisráttum og hlutdeild í kolefnisgjaldi. Einnig kemur fram í stefnumörkuninni að við skattkerfisbreytingar verði horft til þess hvernig tryggja megi að sveitarfélög fái réttláta hlutdeild í skattlagningu fyrirtækja og arðgreiðslum. Tillaga er um að beinar tekjur sveitarfélaga hækki, annað hvort með því að hámarksútsvar verði hækkað um 0,25 prósentustig árið 2013 og aftur um 0,25 prósentustig árið 2014, eða með öðrum jafnverðmætum hætti,

enda lækki tekjuskattur ríkisins samsvarandi. Ég held að flestum sé ljóst að ekki eru góðar aðstæður í þjóðfélaginu til að auka heildarskattbyrði enn frekar. Margar fleiri hugmyndir höfum við kynnt í stefnumörkuninni um styrkingu og breikkun á tekjustofnun sveitarfélaga. Öruggasta leiðin til hækkunar á tekjum sveitarfélaga er þó alltaf sú að hagvöxtur í þessu landi aukist og atvinnuleysi minnki. Það hlýtur að vera okkar forgangsmál.

### **Aukaframlag jöfnunarsjóðs**

Sambandið hefur óskað eftir að við umfjöllun fjárlaganefndar um fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár tryggi nefndin a.m.k. 200 m.kr. aukafjárveitingu til hækkunar aukaframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga úr 700 m.kr. í 900 m.kr. á þessu ári. Gegn mótmælum sambandsins hafa innanríkisráðherra og fjármálaráðherra ákveðið að verja 300 m.kr. af 700 m.kr. aukaframlagi ársins til Sveitarfélagsins Álftaness. Eftir munu þá standa 400 m.kr. til að mæta fjárhagserfiðleikum annarra sveitarfélaga sem mörg hver mega alls ekki við því að framlagið lækki enn frekar en felst í lækkun heildarframlagsins úr 1.000 m.kr. árið 2010 í 700 m.kr. árið 2011. Tekið skal fram að sambandið telur fulla þörf á 300 m.kr. framlagi til Sveitarfélagsins Álftaness en telur að rétt sé að mæta því af hálfu sveitarfélaganna á lengri tíma og þannig að ekki einungis þau sveitarfélög sem í raun eru háð aukaframlaginu taki það á sig að greiða þetta framlag til Álftaness.

Í stefnumörkun sambandsins er ákvæði um að festa beri varanlega sérstakt 1.200 m.kr. framlag ríkisins til jöfnunarsjóðs í stað aukaframlags og verja því árlega til illa stæðra sveitarfélaga. Það hlutfall tekna ríkissjóðs sem varið er til jöfnunarsjóðs hækki sem þessari fjárhæð nemur. Þessu hefur verið komið á framfæri við bæði innanríkisráðherra og fjármálaráðherra en jafnframt hefur þess verið óskað að fjárlaganefnd hafi framangreint stefnumið í huga við umfjöllun sína um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2012. Við skulum ekki gleyma því að það er Alþingi sem samþykkir fjárlög og þær fjárheimildir sem þar er að finna, en ekki ríkisstjórn eða einstakir ráðherrar. Þó ráðaherraráðið sé mikið hér á landi þá er það ekki alræði sem betur fer. Þess vegna eigum við ekki að hika við að leita beint til Alþingis þegar ráðherrar vilja ekki styðja okkar mál og þá sérstaklega þegar þau geta ekki talist annað en hófstíllt og sanngjörn. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að aukaframlagið lækki í 350 m.kr. á næsta ári og enn frekari lækkun verði árið 2013 og eftir það falli það út. Þetta má ekki

gerast fyrir en búið er að gera varanlegar breytingar á Jöfnunarsjóði þannig að aukaframlagið komi inn í útgjaldajöfnunargreiðslur sjóðsins.

Það er ljóst að ef sveitarfélög lenda í greiðslu- og rekstrarvandræðum eru til ýmis úrræði. Það er heimild til að leggja 25% álag á útsvar og Eftirlitsnefnd og jafnvel sérstök fjárhaldsstjórn koma til skjalanna. Svo getur það gerst að sveitarfélögin komi að uppgjöri eins og nú er að gerast á Álftanesi. Það er hins vegar ranglátt að gera það með þeim hætti sem fyrr segir þar sem einungis sum sveitarfélög, þau hin sömu og þurfa á aukaframlagi að halda greiði inn í slíkt uppgjör. Þess vegna þurfum við að velta fyrir okkur öðrum úrræðum og hugsa fram í tímann. Mér finnst koma til greina að setja upp sérstakan neyðarsjóð sem hugsaður er fyrir slík tilfelli. Greiðslur úr honum yrðu háðar mjög ströngum skilyrðum t.d. um fjárhaldsstjórn, álag á útsvar o.fl. Fjármögnun í sjóðinn gæti verið í gegnum Jöfnunarsjóð, ríkissjóð og jafnvel fleiri sem eiga hagsmuna að gæta. Þetta er sameiginlegt hagsmunamál okkar allra og nauðsynlegt að ræða það og komast að niðurstöðu.

### **Tónlistarfræðslan**

Í maí á þessu ári var undirritað samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Með samkomulaginu tókst að leysa gamalt ágreiningsefni ríkis og sveitarfélaga og skera á það sem kallað hefur verið „átthagafjötrar“.

Í sumari var unnið að nánari útfærslu málsins með gerð sérstaks samkomulags um tímabundnar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og útgáfu reglna um framlög jöfnunarsjóðs til eflingar tónlistarnáms. Samkomulagið var undirritað á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga 5. október sl.

### **Kjaramál**

Þann 1. október 2010 tók stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga við fullnaðarumboði til kjarasamningagerðar fyrir hönd sveitarfélaga af Launanefnd sveitarfélaga, sem lögð var niður frá sama tíma, í samræmi við ákvörðun landsfundar skömmu áður en þessi breyting hafði verið í undirbúningi um nokkurra ára skeið.

Kjaraviðræðurnar á þessu ári hafa verið krefjandi verkefni í því erfiða efnahagsástandi sem nú ríkir. Frá því í desember 2008 höfðu aðeins laun tekjulægstu starfsmanna sveitarfélaga hækkað lítillega. Aðrir hópar nutu ekki

launahækkana á tímabilinu og margir starfsmenn sættu að auki lækkun heildarlauna, þegar draga þurfti úr yfirvinnugreiðslum og öðrum viðbótargreiðslum vegna sparnaðaraðgerða sveitarfélaga. Á sama tíma hafa sveitarfélögin almennt lagt sig fram um að standa vörð um störfin og lítið hefur verið um uppsagnir. Stéttarfélögin hafa flest sýnt sveitarfélögunum samstöðu í erfiðu árferði, haldið friðinn og þannig veitt dýrmætt svigrúm til að takast á við afleiðingar efnahagshrunsins. Fyrir það þakka ég nú.

Samninganefnd sveitarfélaga hefur nú lokið gerð 42 af 43 kjarasamningum við 68 viðsemjendur. Kjarasamningarnir renna út árið 2014 eins og aðrir kjarasamningar á vinnumarkaði og er þessi langi gildistími mikilvægur fyrir allt okkar hagkerfi og kemur væntanlega öllum til góða.

Samband íslenskra sveitarfélaga fylgdi að venju þeirri stefnu opinberra vinnuveitenda að bíða niðurstöðu kjarasamninga á almennum markaði, taka mið af innihaldi þeirra og þeirri tekjuaukningu sem þeir skila sveitarfélögunum í hækkuðu útsvari, áður en gengið var til samninga við viðsemjendur sveitarfélaga.

Í samningagerðinni var unnið samkvæmt settum samningsmarkmiðum stjórnar sambandsins þar sem megináherslan var lögð á hækkun launa í samræmi við launabreytingar á almennum markaði, samræmingu kjarasamninga og aukna áherslu á sí- og endurmenntun starfsmanna sveitarfélaga.

Lífeyrisskuldbindingar fara hækkandi, við þurfum að taka umræðu á næstunni um það hvort við ætlum að láta opinberu sjóðina tryggja föst lífeyrisréttindi endalaust óháð ávöxtun sjóðanna og hugsanlega standa frammi fyrir því að þurfa að hækka mótframlagið upp í 15-20%. Er ekki kominn tími til að skoða sama fyrirkomulag og gildir um lífeyrissjóði á almenna vinnumarkaðnum? Það eru takmörk fyrir því hvað hið opinbera getur fjármagnað.

### **Félagsþjónusta og málefni fatlaðra**

Félagsþjónusta af öllum toga hefur fengið sífellt meira vægi í starfsemi sveitarfélaga á umliðnum misserum og ber þar að sjálfsögðu fyrst að nefna málefni fatlaðra sem eins og öllum er kunnugt færðust frá ríki til sveitarfélaga um síðustu áramót. Hér er um stórt verkefni að ræða sem sveitarstjórnarfolk, stjórnendur og starfsmenn hafa unnið af metnaði og festu. Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja að vel hafi tekist til það sem af er fyrsta ári

yfirfærsluferlisins og ber þar sérstaklega að þakka að allir hlutaðeigandi aðilar hafa tekið viðfangsefnið jákvæðum og uppbyggilegum tókum og leitað lausna á þeim ótalmörgu úrlausnarmálum sem upp hafa komið.

Álagið á félagsþjónustu sveitarfélaganna hefur aukist. Árið 2010 nema útgjöld til félagsþjónustu sveitarfélaga 12% af skatttekjum. Til viðmiðunar var það hlutfall 10% árið 2008 og 11% árið 2009. Þannig hækka útgjöld til félagsþjónustu í hlutfalli af skatttekjum um heilt prósentustig milli ára á tímabilinu 2008-2010. Fjárhagsaðstoðin hefur hækkað um 62% frá árinu 2006. Skv. óformlegri könnun kemur í ljós að 42% þeirra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Meginorsök þessarar útgjaldaþróunar er augljós en það sem mestu varðar nú er að varna stjórnlausri fjölgun þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Af hálfu sambandsins hefur megináherslan verið lögð á að lengja bótatímabil Atvinnuleysistryggingasjóðs, í að lágmarki fjögur ár og helst fimm ár eins og var hér áður. Ef ekki verður orðið við þessum óskum bætist mjög fjölmennur hópur á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á næsta ári.

Nokkuð hefur verið rætt um að nauðsynlegt sé að endurskoða lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, m.a. í þá veru að heimilt verði að binda veitta fjárhagsaðstoð ákveðnum skilyrðum. Skilyrðingar af þessu tagi þekkjast í velferðarkerfum annarra norræna ríkja og miða að því að fólk með fjárhagsaðstoð vinni markvisst í sínum málum.

Þetta er samt viðkvæm umræða, sérstaklega í ljósi þess að einstaklingsbundið mat hlýtur alltaf að búa að baki ákvörðunum í þessu efni. Af þeirri ástæðu munu hugsanlegar lagabreytingar þurfa að endurspegla hvað þurfi að lágmarki til þess að afstýra neyð og hvaða þætti megi binda skilyrðum t.d. um þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum, nám, vímuefnameðferð o.s.frv. Ég tek fram að mörg sveitarfélög hafa nú þegar í reglum sínum ákvæði af þessum toga, t.d. að grunnupphæð framfærsluaðstoðar helmingist hafni bótaþegi vinnu. Endurskoðun laganna myndi hins vegar gera lagagrundvöllinn skýrari og jafnframt stuðla að samræmi og jafnræði í framkvæmd.

### **Ný sveitarstjórnarlög - aukið aðhald í fjármálum sveitarfélaga**

Eftir mikla vinnu í nefnd um ný sveitarstjórnarlög þar sem fulltrúar sveitarfélaga áttu sæti og við höfðum tækifæri til að yfirfara vinnuna í áföngum

á landsþingi sambandsins samþykkti Alþingi ný sveitarstjórnarlög í sl. mánuði og taka þau gildi um næstu áramót. Mikilvægt er að allir sveitarstjórnarmenn og stjórnendur sveitarfélaga kynni sér vel efni nýju laganna svo að sveitarfélögin geti lagað sig sem fyrst að breyttu lagaumhverfi.

Sjónarmið sveitarfélaga hlutu sem fyrr segir mikið vægi við frumvarpsgerðina og við meðferð málsins á Alþingi náðust fram ýmsar mikilvægar breytingar, m.a. um lengri aðlögunartíma að hinu nýja skuldaviðmiði og einnig sérstakt aðlögunartímabil fyrir sveitarfélög sem eiga stóra hluti í veitu- og orkufyrirtækjum. Sveitarfélög sem þess þurfa geta því fengið allt að tíu ára aðlögunartíma að hinum nýju fjármálareglum. Ýmis útfærsluatriði liggja þó ekki enn fyrir og er gerð reglugerðar um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga aðeins skammt á veg komin. Samstarfið við samgöngunefnd Alþingis var sérlega gott eftir að frumvarpið var komið í fulla vinnslu í nefndinni.

Á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga í sl. viku varð samkomulag um að stefna að því að nýr samstarfssáttmáli verði undirritaður fyrir áramótin. Einnig varð samkomulag um að leggja áherslu á að kynna sérstaklega vel í ráðuneytum og stofnunum ríkisins það nýmæli í lögnum um að öll lagafrumvörp og reglugerðir sem hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélaginu verði kostnaðarmetin. Var svonefndri Jónsmessunefnd falin ábyrgð á að fylgja málinu eftir gagnvart ráðuneytum og Alþingi.

## **Lokaorð**

Sveitarstjórnarfólk hefur staðið frammi fyrir erfiðum ákvörðunum og mun gera það vegna ársins 2012. Svigrúmið til frekari hagræðingar er mismunandi en víðast hvar eru sveitarfélögin að sinna verkefnum sem eru talin nauðsynleg en eru ekki lagaskylda. Sveitarstjórnarfólk vinnur sífellt að því markmiði að vernda grunnþjónustuna sem er ekki öll lögbundin þó við skilgreinum hana sem grunnþjónustu. Sú staða kemur víða upp að það þarf að spyrja hvaða þjónusta verður að víkja, hvað má samnýta betur, hvar geta lausnir einkaaðila dregið úr kostnaði, hvar er skipulagið eða kerfið að skapa kostnað frekar en árangur.

Þó þessar spurningar hljómi ekki nýsköpunarlega þá hef ég engu að síður viljað ræða viðfangsefni í rekstri sveitarfélaganna í tengslum við orðið nýsköpun svo við höfum tækifæri til að nálgast verkefnið út frá öðru hugtaki en hinu sífellda



niðurskurðarhugtaki. Við þurfum á nýsköpun eða nýskipan í rekstri sveitarfélaganna að halda og eigum að leyfa okkur að hugsa ansi vítt og lausnarmiðað í því samhengi.

Í grunninn erum við með þjóðfélag með ansi öfluga grunngerð, sérstaklega þegar við horfum til þess hvað við búum fá í þessu landi. Við förum sérstaklega yfir viðfangsefnin og þar af leiðandi helst vandamálin á þessari ráðstefnu. Munum samt að við erum að þokast út úr þessum tímabundnu erfiðleikum, tvö skref áfram, eitt aftur á bak er eitthvað sem við munum glíma áfram við. Skoðanir okkar á því hvernig tekist er á við hlutina er misjöfn en viljinn til að sækja áfram hlýtur að vera sameiginlegur með okkur öllum. Við eigum að vera bjartsýn og verðum að vera bjartsýn en um leið raunsæ. Við munum komast úr út þessum erfiðleikum, allt bendir til þess. Munum að segja frá því líka um leið og við tölum um erfiðu verkefnin. Afrek í ósigrum lífsins er aldrei tilgangslaust og þess vegna berjumst við alltaf áfram.

Með seiglunni og þrjóskunni hefst það yfirleitt eins og myndin á veggnum minnir okkur á þegar við virðum fyrir okkur Kjaransbrautina sem Elís Kjaran nagaði utan í klettana við utanverðan Dýrafjörð á sínum tíma eftir að flestir ef ekki allir voru búnir að gefa vegagerð þarna upp á bátinn.

Þessi ráðstefna er undirbúin af starfsfólki sambandsins og vil ég færa því bestu þakkir fyrir góðan og vandaðan undirbúning. Það er mikið einvalalið sem starfar í þágu sveitarstjórnarstigsins í landinu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Um leið og ég lýsi yfir von um gagnsemi þessarar samkomu segi ég fjármálaráðstefnuna 2011 setta.

Við stjórn ráðstefnunnar taka Ingibjörg Valgeirsdóttir, sveitarstjóri Strandabyggðar, og Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

Á morgun verða ráðstefnustjórar Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar Fljótisdalsbyggðar, og Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.